

# *Ársskýrsla 2008*

**Lífeyrissjóður verkfræðinga**

# *Efnisyfirlit*


**Ársskýrsla**

Ávarp stjórnarformanns.................................................. 1
Ávöxtun........................................................................ 3
Iðgjöld og lífeyrir............................................................ 4
Fjárfestingar ársins og verðbréfaeign í árslok................. 5
Fjárfestingarstefna.......................................................... 6
Sjóðfélagalán.................................................................. 7
Innri málefni sjóðsins og sérstaða................................... 8
Séreignardeildir............................................................... 9
Breytingar á samþykktum............................................... 11
Stjórn og starfsmenn....................................................... 12

**Ársreikningur**

Áritun endurskoðenda..................................................... 15
Áritun og skýrsla stjórnar................................................ 17
Yfirlit um breytingu á hreinni eign................................. 19
Efnahagsreikningur ........................................................ 20
Sjóðstreymi.................................................................... 21
Skýringar........................................................................ 22
Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign................ 28
Deildaskiptur efnahagsreikningur .................................. 29
Deildaskipt sjóðstreymi................................................... 30
Kennitölur samtryggingardeildar..................................... 32
Kennitölur séreignardeildar 1......................................... 33
Kennitölur séreignardeildar 2......................................... 34



***Lífeyrissjóður verkfræðinga***
*Engjateigi 9, 105 Reykjavík*
*Kennitala: 430269-4299*
*Sími: 568 8504 - Fax: 568 8834*
*Netfang: lifsverk@lifsverk.is*
*Heimasíða: www.lifsverk.is*


Umsjón: Guðmundur V. Friðjónsson
Prentun: Leturprent

# *Ávarp stjórnarformanns*

Árið 2008 var afar erfitt fyrir Lífeyrissjóð verkfræðinga eins og fyrir hagkerfið og íslensku þjóðina. Bankahrunið í október og afleiðingar þess ollu sjóðnum miklu tjóni sem tekur mörg ár að vinna upp.

Framan af árinu og í aðdraganda hrunsins greip sjóðurinn til ýmissa aðgerða til að draga úr áhættu og sækja ávöxtun í traustari verðbréf. Helmingur erlendra hlutabréfa var seldur eftir fyrra fall krónunnar í mars og andvirðið flutt til Íslands til að ná háum vöxtum. Hætt var að mestu kaupum á skuldabréfum fyrirtækja, en aukin áhersla lögð á bankainnistæður og skuldabréf banka, enda voru bankarnir á þeim tíma metnir traustir, að því er sjóðurinn gat best vitað. Athugað var með að selja fyrirtækjaskuldabréf sl. vor en vegna affalla varð því miður lítið úr því. Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa, þrátt fyrir að eignin væri komin talsvert niður fyrir neðri mörk fjárfestingarstefnunnar.

Vissulega skiluðu þessar aðgerðir árangri að hluta og drógu þannig úr tapi, en að hluta juku þær á tapið. Vó þar þyngst að bankarnir féllu, þannig að hlutabréfin töpuðust og víkjandi skuldabréf voru afskrifuð að fullu en færa þurfti miklar varúðarafskriftir vegna almennra skuldabréfa. Í kjölfar bankahrunsins urðu ýmis fyrirtæki fyrir miklum skakkaföllum og varð því að færa varúðarafskriftir vegna skuldabréfa þeirra og afskrifa hlutabréf.

Var unnt að sjá hrunið fyrir? Hefði sjóðurinn átt að haga fjárfestingum sínum á annan veg? Eftir á að hyggja er auðvelt að benda á ýmsa valkosti sem hefðu komið betur út, en nauðsynlegt er að horfa til þeirrar vitneskju sem fyrir lá þegar ákvarðanir voru teknar. Lífeyrissjóðurinn taldi sig vera að draga úr áhættu á síðasta ári með því að kaupa bankabréf og auka innlán í bönkum og draga úr hlutabréfaeign. Bankabréfin voru talin öruggust og lítil hætta á gjaldþroti. Bankarnir voru undir sérstöku eftirliti Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og voru látnir ganga undir sérstakt álagspróf sem þeir stóðust víst með glans. Því miður kom annað á daginn. Prófin voru gagnslítil og eftirliti var sinnt af veikleika. Það sem kom illa við Lífeyrissjóð verkfræðinga var einkum tvennt: Hátt hlutfall bankaskuldabréfa og að þau nýtast sjóðnum illa til skuldajöfnunar vegna taps á gjaldmiðlavarnasamningum. Um þetta er það að segja að sjóðurinn taldi sig vera að minnka áhættu með því að kaupa bréfin, eins og áður segir. Fullyrða má að vart hafi nokkur lífeyrissjóður haft mögulega skuldajöfnun í huga þegar gjaldmiðlasamningar voru gerðir. Það má telja hreina óheppni að skuldajöfnun nýtist Lífeyrissjóði verkfræðinga verr en flestum hinna.

Ef horft er í baksýnisspegilinn voru stærstu mistök sjóðsins og íslensks efnahagslífs að gera sér ekki grein fyrir því að með innrás íslensku bankanna á erlenda markaði með Icesave og Kaupþing Edge ógnuðu þeir veldi hinna gamalgrónu banka í Evrópu. Því þegar einn íslensku banki hrundi og veikleiki íslenska ríkisins að standa á bak við bankana kom í ljós þá nýttu samkeppnisaðilarnir sér tækifærið og hjuggu í bankana þannig að þeir fóru í þrot. Eftir á að hyggja þá hefði Lífeyrissjóður verkfræðinga átt að líta á alla bankana sem og eignarhaldsfélögin sem að þeim stóðu sem eina fjárfestingu og miða sína fjárfestingar við það.

Í reynd ber þetta allt að sama brunni: Eignastýringardeild sjóðsins er of veik. Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur verið of háður söluaðilum banka og annarra sem selja fjárfestingarafurðir. Sjálfstætt mat á þróun, ástandi og áhættu hefur ekki verið nægilegt. Því hlýtur sjóðurinn að íhuga það alvarlega að fjölga annað hvort starfsmönnum sjóðsins eða að fara í samstarf við annan lífeyrissjóð sem er með sterka eignastýringardeild. Hvers vegna minnist ég ekki á banka eða fjárfestingarsjóði? Jú, þeirra markmið er ávallt að verja hagsmuni eigenda bankans og bankans sjálfs. Gott dæmi er stöðutaka eigenda bankanna og bankanna sjálfra gegn íslensku efnahagslífi en á sama tíma að selja utanaðkomandi fjárfestum og sjávarútvegsfyrirtækjum gjaldeyrissamninga sem tóku stöðu með krónunni.

Það vekur furðu að stjórnvöld skuli ekki hafa haft manndóm í sér til að rifta öllum gjaldmiðlasamningum með lagasetningu, því með þeim hætti væri hluta þeirra refsað sem stuðluðu að hruninu.

Rétt fyrir hrunið greip sjóðurinn til aðgerða vegna séreignarsparnaðarins. Allir fjármunir voru losaðir úr peningamarkaðssjóði SPRON og eign í skuldabréfasjóðum var minnkuð. Þrátt fyrir þetta urðu báðar séreignarleiðirnar fyrir verulegri gengislækkun, önnur vegna taps eða varúðarafskrifta af innlendum skuldabréfum, hin vegna hruns íslenska hlutabréfamarkaðarins. Reynt var að grípa til sams konar aðgerða með fyrirtækjaskuldabréf en því miður vildi enginn kaupa nema með miklum afföllum.

Frá 2007 höfðu stjórn sjóðsins og fjárfestingaráð ásamt starfsmönnum fjallað um leiðir til að bæta áhættustýringu sjóðsins. Sú umræða hafði áhrif á ýmsar fjárfestingarákvarðanir, en var óneitanlega of skammt á veg komin þegar hrunið varð.

# Ávarp stjórnarformanns

Stjórnin telur mjög mikilvægt að styrkja þennan þátt í fjárfestingarferlinu og leggur því til við aðalfund að sérstakri grein um áhættustýringu verði bætt í kafla samþykktanna um ávöxtun og fjárfestingar.

Þótt stjórn og starfsmenn sjóðsins hafi þannig reynt eftir bestu vitund að stýra fjárfestingum farsællega í vaxandi ölduróti og síðar ólgusjó alþjóðlegrar fjármálakrísu þá er útkoman sú að sjóðurinn hefur orðið fyrir miklu eignatapi og vantar mikið á að hann eigi fyrir skuldbindingum. Framundan er því margra ára vinna við að koma tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins i jafnvægi á nýjan leik.

Stjórn sjóðsins leggur til við aðalfund að unnið verði eftir þriggja þrepa aðgerðaráætlun til að ná þessu jafnvægi á fimm árum. Höfð er hliðsjón af þeim frávikum sem lífeyrissjóðalögin heimiluðu áður en undanþága var veitt í lok síðasta árs. Áður gilti sú regla að grípa þurfti til aðgerða ef staða sjóðs varð verri en -10% eða hafði verið á bilinu -5% til -10% í fimm ár samfellt. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna má staðan fara niður í -15% m.v. árslok 2008. Stjórnin leggur því til að í fyrsta þrepi verði staðan færð að 10% mörkunum en síðan færð að -5% mörkunum eftir þrjú ár og að 0% jafnvægismörkunum tveimur árum síðar. Fyrsta þrepið felur í sér skerðingu áunninna réttinda um 10% og lækkun réttindaávinnslu vegna framtíðariðgjalda um 5%. Ef ávöxtun verður viðunandi á komandi árum nást hin þrepin án mikillar skerðingar eða breytinga á réttindakerfi.

Rökin fyrir því að skerða áunnin réttindi eru að sjóðurinn á ekki nema fyrir tæpum 70% af skuldbindingum sínum. Framtíðarréttindi eru skert vegna þess að lífaldur hefur hækkað og kynjaskipting sjóðsins er að breytast. Ef skoðaður er aldurshópurinn sem er yngri 40 ára þá er hlutfall kvenna þar um 30% og reikna má með lífaldur þess hóps verði 3-4 árum lengri en viðmið sjóðsins er í dag. Því er eðlilegt að taka mið af þessu við loforð um framtíðarréttindi.

Er raunhæft að búast við góðri ávöxtun á komandi árum? Sennilega verður það erfitt árið 2009 og jafnvel 2010 á meðan afleiðingar hrunsins á Íslandi og lánsfjárkreppunnar erlendis eru að koma fram af fullum þunga, en þaðan í frá má vænta uppsveiflu, sums staðar kröftugrar, eftir gríðarmikla lækkun verðbréfa undanfarin misseri.

Sjóðurinn mun einnig leita leiða til að bæta afkomuna með því að draga úr rekstrarkostnaði og auka tekjur. Skulu þar nefnd tvö atriði:

Stjórn sjóðsins kynnir á aðalfundi hugmyndir um að hækka vexti sjóðfélagalána um 0,2% í 3,7%. Rekstrarkostnaður sjóðsins er um 0,2% af eignum og telur stjórnin sanngjarnt að sjóðfélagalánin standi undir kostnaði og skerði ekki lífeyrisréttindaöflun sem samkvæmt lögum er miðuð við 3,5% raunávöxtun.

Stjórnin hefur um nokkurt skeið kannað mögulegan ávinning af samrekstri með öðrum lífeyrissjóðum sem leiða myndi til lækkunar kostnaðar en yrði þó fyrst og fremst til að styrkja eignastýringu og auka þannig líkur á góðri ávöxtun. Þessi mál voru kynnt á sjóðfélagafundi í apríl sl. Stjórnin hyggst halda þessari vinnu áfram þar sem sjálfstæði sjóðsins og hagsmunir sjóðfélaga verða hafðir að leiðarljósi. Þegar drög að samningi liggja fyrir verður það kynnt sérstaklega og borið undir sjóðfélaga.

Önnur leið að sama marki er að styrkja eignastýringardeild sjóðsins þannig að henni standi teymi, að lámarki 3 ráðgjafar. Við þetta myndi rekstrarkostnaður hækka en að sama skapi væri unnt að lækka fjárfestingarkostnað með því að þessir aðilar myndu einnig sjá um kaup og sölu innlendra bréfa líkt og stóru sjóðirnir gera.

Þó að gefi á bátinn þá er framtíð sjóðsins björt. Góður sjóðfélagahópur, lág örorkutíðni, meðalaldur sjóðfélaga er um 40 ár og langt í ellina fyrir flesta sjóðfélaga, og trygglyndi sjóðfélaga við sjóðinn mun tryggja sjóðnum góða framtíð.

Sigurður Áss Grétarsson, formaður

# Ávöxtun og tryggingafræðileg staða

Árið 2008 var afar erfitt íslenskum fjárfestum. Fármálakreppan sem átti upptök sín í Bandaríkjunum árið 2007 reið yfir landið af miklum þunga og felldi þrjá stærstu viðskiptabanka landsins í október. Bankarnir drógu mörg fyrirtæki með sér í fallinu. Hlutabréf í bönkunum urðu verðlaus á einni nóttu en sjóðurinn náði að selja hluta þeirra fyrir fallið. Innlend hlutabréf sjóðsins lækkuðu um 4 mrð. á árinu 2008, víkjandi skuldabréf voru afskrifuð um 240 mkr. og um 6,3 mrð. voru færðir á afskriftareikning í varúðarskyni vegna innlendra skuldabréfa.

Verðlag hækkaði um 16,4% á árinu 2008 og þurftu verðbréf að bera hærri ávöxtun til að ná jákvæðri raunávöxtun. Erlend skuldabréf skiluðu bestu ávöxtun eða 77% og vó gengislækkun krónunnar þar langþyngst. Gengisvísitala krónunnar hækkaði um 80% á árinu. Bankareikningar skiluðu 24% ávöxtun og sjóðfélagalán 21,2% eða 3,6% raunávöxtun. Sérsniðnar fjárfestingar skiluðu 17,8% ávöxtun og erlend hlutabréf 9,7%. Erlend hlutabréf lækkuðu að meðaltali í verði um 50% á erlendum mörkuðum en gengislækkun krónunnar dró verulega úr neikvæðri ávöxtun erlendra verðbréfa. Innlend hlutabréf lækkuðu um 87,1%, hlutabréfatengd skuldabréf lækkuðu um 57,1% og önnur innlend skuldabréf um 46,6% og er þá búið að taka tillit til varúðarafskriftar.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar var -20,3% á árinu 2008 og hrein raunávöxtun var neikvæð um 31,4%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er -2,6%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 24.570 mkr. í árslok.




Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar var neikvæð um 16,8% í árslok 2008 en var neikvæð um 0,9% í árslok 2007. Breytingin á milli ára skýrist fyrst og fremst af neikvæðri raunávöxtun ársins um 31,4%.

Staða áfallinna skuldbindinga var neikvæð um 13.040 mkr. eða -34,7% af áföllnum skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða vegna væntra framtíðariðgjalda var hins vegar jákvæð um 673 mkr. eða um 1,9% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 12.367 mkr. eða sem nemur -16,8% af heildarskuldbindingum.

Fyrir aðalfundi 2009 liggur fyrir tillaga frá stjórn um að skerða áunnin réttindi (áfallið) um 10% og lækka réttindatöflur (framtíð) um 5%. Ef tillagan nær fram að ganga þá batnar tryggingafræðileg staða sjóðsins úr -16,8% í -10,1%. Í aðgerðaráætlun stjórnar er lagt til að koma tryggingafræðilegri stöðu niður undir -5% eftir þrjú ár og í jafnvægi eftir fimm ár.

**Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar 31.12. 2008**

*Í milljónum króna*

| | Áfallið | Framtíð | Heild |
|---|---|---|---|
| Eignir........... | 24.518 | 36.899 | 61.418 |
| Skuldbinding | (37.558) | (36.226) | (73.784) |
| Eign-skuldb.. | **(13.040)** | **673** | **(12.367)** |
| % af skuldb... | -34,7% | 1,9% | -16,8% |



# Iðgjöld og lífeyrir

Iðgjöld til samtryggingardeildar jukust um 28,2% á milli áranna 2007 og 2008 og voru 2.269 mkr. á árinu 2008. Aukningin er mun meiri en hægt er að skýra með fjölgun sjóðfélaga og almennum launahækkunum. Trúlegt er að launaskrið á árinu skýri það sem upp á vantar. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga hefur einnig vaxið stöðugt síðustu ár. Alls fjölgaði virkum sjóðfélögum um 206 á síðasta ári og voru þeir 2.612 í árslok.

Sá hluti lögboðins iðgjalds til samtryggingardeildar sem er umfram 10% færist í séreignarsparnað viðkomandi sjóðfélaga. Oftast eru það 2% en getur verið hærri tala. Sjóðfélagar geta ráðstafað þessu umframiðgjaldi í aðra tveggja séreignarleiða eða til baka í samtryggingardeild og aukið þar með réttindi sín í sjóðnum.

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar námu 359 mkr. á síðasta ári og var það aukning um 35,1% frá fyrra ári. Greiðslubyrði sjóðsins er enn nokkuð lág miðað við aðra sjóði eða tæp 16% af iðgjöldum. Það stafar einkum af tvennu, annars vegar er meðalaldur sjóðfélaga nokkuð lágur vegna nýliðunar og hins vegar er örorkubyrði sjóðsins verulega minni en almennt gerist. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 212 á árinu og fjölgaði þeim um 18 frá fyrra ári. Mikil hækkun lífeyrisgreiðslna umfram fjölgun lífeyrisþega stafar annars vegar af hækkun verðlags um 16,4% á árinu því að lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og hins vegar fengu eldri sjóðfélagar leiðréttingu á lífeyri rúmt hálft ár aftur í tímann vegna hækkunar á lágmarksverðtryggingu.

Lífeyrisgreiðslur skiptust þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 78,3% af heildar lífeyrisgreiðslum, örorkulífeyrir var 7%, makalífeyrir 13,2% og barnalífeyrir var 1,5%.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld að jafnaði allt árið. Á árinu 2008 var meðalfjöldi virkra sjóðfélaga 2.612 þar af 2.108 karlar og 504 konur. Hlutfall kvenna í sjóðnum hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Árið 2001 var hlutfall kvenna 13,3% af meðalfjölda virkra sjóðfélaga en var komið upp í 19,3% árið 2008. Alls greiddu 2.938 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn á árinu og 3.718 áttu réttindi í sjóðnum í árslok.









# *Fjárfestingar ársins og verðbréfaeign í árslok*

**Fjárfestingar ársins**
Fjárfestingarþörf sjóðsins var um 4.000 mkr. á síðasta ári. Hér er átt við nýja fjármuni í formi iðgjalda, afborgana og vaxta af skuldabréfum sem ekki voru í stýringu, að frádregnum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði. Ekki eru talin með kaup og sala eignastýringaraðila.

Af nýjum fjármunum var fjárfest mest í innlendum skuldabréfum eða fyrir 1.464 mkr. eða um 37%. Ennfremur var ráðstafað 1.373 mkr. í innlán eða 35%, 815 mkr. í sjóðfélagalán eða 21% og 260 mkr. í sérsniðnar fjárfestingar. Þessi þróun er sýnd á rauðum súlum á mynd hér að neðan. Súlan sýnir ráðstöfun nýrra fjármuna sjóðsins eftir eignarflokkum í hlutfalli af nýjum fjármunum.

Bláu súlurnar sýna sömu hreyfingar að viðbættum tilfærslum á fjármunum á milli eignaflokka. Seld voru erlend hlutabréf fyrir 3.612 mkr. og var andvirðið notað til að kaupa innlend skuldabréf og í innlán. Alls var því fjárfest fyrir 4.053 mkr. í innlendum skuldabréfum á síðasta ári og 2.610 mkr. voru lagðar inn á bankareikninga. Mest var fjárfest í skuldabréfum Glitnis og Kaupþings banka eða fyrir 2.590 mkr. Hlutabréfatengd skuldabréf voru seld fyrir 215 mkr. og var andvirðinu ráðstafað í innlán.

Hvorki var keypt né selt úr innlendum hlutabréfum á árinu né erlendum skuldabréfum. Þó gaf sjóðurinn eignarstýringaraðila skipun um að selja hlutabréf í einum viðskiptabankanna fyrir hrun þeirra í október 2008 og var andvirðinu ráðstafað inn á sjóð í stýringunni.

**Verðbréfaeign í árslok**
Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar að viðbættum bankainnstæðum 24,6 milljörðum króna í lok síðasta árs. Samsetning verðbréfasafnsins var í þremur atriðum frábrugðin fjárfestingarstefnu sjóðsins en í stefnunni er gert ráð fyrir allt að +/- 5% fráviki í einstökum eignaflokkum. Innlend skuldabréf voru mun meiri en stefna sagði til um en það skýrist af því að áhersla var lögð á kaup á traustum innlendum skuldabréfum á síðasta ári. Erlend hlutabréf voru mun minni en stefnan sagði til um og stafaði það af því að sjóðurinn seldi tæpan helming af erlendri hlutabréfaeign sinni í mars 2008 vegna óvissu á erlendum mörkuðum. Loks voru innlán verulega hærri en stefnan sagði til um en það stafaði af því að innlán voru ríkistryggð eftir fall bankanna og gáfu góða ávöxtun.

Bankainnistæður voru 13,4% af eignum sjóðsins í lok ársins. Sjóðfélagalán voru 25,2%, innlend skuldabréf voru 26,6% og hlutabréfatengd skuldabréf 2,4%. Innlend hlutabréf námu 2,4% af heildarverðbréfaeign sjóðsins í árslok, erlend skuldabréf 9,2% og erlend hlutabréf 14,4%. Sérsniðnar fjárfestingar, sem eru fjárfestingar í framtakssjóðum, vogunarsjóðum og millilagsskuldabréfum, námu 6,4% af verðbréfaeign sjóðsins í árslok.






# *Fjárfestingarstefna*

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2009 er sem hér segir:

- Bankareikningar.................. 4%
- Sjóðfélagalán....................... 23%
- Innlend skuldabréf................ 49%
- Hlutabréfatengd skuldabréf.... 2%
- Innlend hlutabréf................. 4%
- Erlend skuldabréf.................. 5%
- Erlend hlutabréf.................... 5%
- Sérsniðnar fjárfestingar ......... 8%

Helsta áherslubreytingin frá síðasta ári er sú að vægi innlendra skuldabréfa er aukið verulega. Einnig eru sjóðfélagalán að aukast í hlutfalli af hreinni eign þar sem eignir rýrnuðu mikið á síðasta ári. Vægi innlendra skuldabréfa og sjóðfélagaléna verður 72% á árinu 2009. Áhersla verður lögð á traust innlend skuldabréf í nýfjárfestingum, s.s. ríkisverðbréf, skuldabréf sveitarfélaga og traustra fyrirtækja. Vægi bankainnistæðna eykst einnig. Á móti verður dregið verulega úr vægi innlendra og erlendra hlutabréfa. Innlend hlutabréf hrundu í verði á síðasta ári og skráðum félögum á hlutabréfamarkaði fækkaði verulega. Ekki er ráðgert að halda sama vægi og í fyrri fjárfestingarstefnu. Helmingur erlendra hlutabréfa var seldur úr safninu á síðasta ári og ríkir óvissa um hvenær hægt verður að fjárfesta aftur í erlendum verðbréfum vegna gjaldeyrishafta.

Vikmörk hvers verðbréfaflokks eru yfirleitt um 5% í hvora átt. Fjárfestingarstefnan skal rúmast innan ákvæða 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um hámark fjárfestingar í einstökum tegundum eða flokkum verðbréfa eða bréfum útgefnum af sama útgefanda.

Safnið skiptist í tvo meginhluta eftir seljanleika á markaði:

1) Auðseljanleg markaðsverðbréf sem eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Markaðsskuldabréf eru færð á framreiknaðri kaupkröfu en önnur markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði í bókum sjóðsins. Öllum þessum bréfum er skipað í eignasöfn eftir verðbréfaflokkum. Sjóðurinn hefur samið við innlend og erlend fjármálafyrirtæki um stýringu safnanna. Innlendar og erlendar verðbréfavísitölur eru notaðar sem viðmiðun og stefnt er að því að flökt ávöxtunar safnanna sé áþekkt og viðmiðunarvísitalna.

2) Verðbréf sem lítil eða engin viðskipti eru með á markaði, annaðhvort vegna þess að þau eru ekki skráð eða að eftirmarkaður hefur ekki myndast. Þessi verðbréf eru í vörslu sjóðsins. Þau eru færð á framreiknuðu kaupverði eða nafnverði í bókum sjóðsins. Að langstærstum hluta er um að ræða skuldabréf og er almennt reiknað með því að eiga þau fram að gjalddaga. Einu hlutabréfin í þessum flokki eru bréf hlutafélaga sem sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn.

Gjaldeyrishöft sem nú eru í gildi hafa áhrif á fjárfestingarstefnuna. Í stækkandi sjóði minnkar vægi fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum, því að ekki má kaupa gjaldeyri til nýrra fjárfestinga. Einnig er óheimilt að nota gjaldmiðlasamninga til að verjast sveiflum í gengi krónunnar. Sjóðurinn var með samninga um gjaldmiðlavarnir hjá tveimur viðskiptabankanna sem féllu í fyrrahaust. Enn er óuppgert tap á gjaldmiðlavörnum frá fyrra ári vegna ágreinings um uppgjör samninga.

Í tillögum stjórnar að samþykktabreytingum fyrir aðalfund 2009 er lagt til að kveðið verði á um í samþykktum sjóðsins að stjórn setji verklagsreglur um áhættustýringu til að draga úr tapsáhættu af fjárfestingum.



# Sjóðfélagalán

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) sá um afgreiðslu nýrra sjóðfélagalána fyrir Lífeyrissjóð verkfræðinga. SPRON lánaði til sjóðfélaga og fjármagnaði sjóðurinn lánveitinguna með því að greiða lánsfjárhæðina inn á bankareikning. Við fall SPRON í mars 2009 er þessi þjónusta í uppnámi og verður hún líklega flutt til Kaupþings banka.

Með samstarfinu við SPRON opnuðust nýir möguleikar til fjármögnunar íbúðarhúsnæðis fyrir sjóðfélaga. Auk þess að taka hámarks sjóðfélagalán, á 3,5% vöxtum, gátu sjóðfélagar tekið íbúðarlán hjá SPRON á þeim kjörum sem SPRON bauð. Þessir tveir kostir saman lækkuðu meðalvaxtakostnað umtalsvert. Saman gátu bæði lánin verið allt að 75% af virði eignar. Vænst er að nýr þjónustuaðili geti boðið upp á sambærileg kjör.

Ný lán til sjóðfélaga námu 795 mkr. á árinu 2008 sem er nokkur lækkun frá árinu á undan. Alls var afgreitt 131 nýtt lán á árinu. Til samanburðar voru afgreidd 202 lán á árinu 2007 fyrir um 1.095 mkr. Heildarfjárhæð sjóðfélagalána var 6.304 mkr. í árslok 2008. Sjóðfélagalán jukust á síðasta ári í hlutfalli við hreina eign sjóðsins og voru í árslok 2008 25,7%. Sjóðfélagalánin hækkuðu mikið í verðgildi á síðasta ári vegna mikillar verðbólgu og hlutfallslega hækkuðu þau enn meira þar sem hrein eign sjóðsins rýrnaði verulega.

Á aðalfundi sjóðsins árið 2009 kynnir stjórn sjóðsins hugmyndir sínar um að hækka vexti á sjóðfélagalánum úr 3,5% í 3,7%, til samræmis við rekstrarkostnað sjóðsins sem er 0,2% af eignum.

**Lánareglur sjóðsins**
Sjóðfélagar öðlast lánsrétt eftir að hafa greitt iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði og vera í skilum með iðgjöld.

Hámarkslán í apríl 2009 er kr. 9.655 þús. og breytist lánsfjárhæðin í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Hver sjóðfélagi á rétt á einu láni en getur þó tekið hluta lánsfjárhæðar og geymt þannig hluta lánsréttar til síðari tíma.

Lánstími er að hámarki 25 ár og eru vextir breytilegir, nú 3,5% en stjórn sjóðsins er heimilt að hækka vextina í 5%. Lán er bundið sjóðfélaganum og getur hann ekki selt það frá sér með fasteign. Hætti sjóðfélagi að greiða iðgjald til sjóðsins eða greiði minna iðgjald til sjóðsins en kr. 300.000 á ári án þess að þiggja lífeyri frá sjóðnum, er sjóðnum heimilt að hækka vextina í 5%.

Sjóðfélagalánin eru tryggð með veði í fasteign og þurfa þau að rúmast innan 65% af markaðsvirði viðkomandi fasteignar og jafnframt er nauðsynlegt að brunabótamat eignarinnar sé hærra en eftirstöðvar áhvílandi lána.

Lántökugjald er 1%. Stimpilgjald er 1,5% sem rennur í ríkissjóð. Sjóðfélagar greiða allan kostnað vegna innheimtu, veðflutnings, veðleyfis og annarrar skjalagerðar.

**Ný sjóðfélagalán**
*Í milljónum króna*




**Fjárhæð sjóðfélagalána**
*Í milljónum króna*



# *Innri málefni og sérstaða*

**Innri málefni sjóðsins**
Lífeyrissjóður verkfræðinga vinnur stöðugt að því að endurskoða og bæta innri vinnuferla. Í handbók innra eftirlits eru lýsingar á helstu verkferlum sjóðsins, skipuriti, starfslýsingum o.fl. Í vinnslu eru handbók með lýsingum á verkferlum allra starfsmanna og öryggishandbók með lýsingum á helstu öryggisþáttum sjóðsins, viðbrögðum við hættum og meðferð persónuupplýsinga. Öryggishandbókin er skrifuð eftir tilmælum FME og Persónuverndar.

Fjárfestingar sjóðsins eru stöðugt í endurskoðun. Um 30% af verðbréfaeign sjóðsins er í stýringu hjá innlendum og erlendum eignastýringarfyrirtækjum. Nýfjárfestingaþörf sjóðsins er um 4 milljarðar á ári en það eru iðgjaldagreiðslur, afborganir og vaxtagreiðslur af skuldabréfum að frádregnum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði sjóðsins. Þessum fjármunum er stýrt hjá sjóðnum samkvæmt fjárfestingarstefnu.

Í lokaorðum endurskoðanda í innri endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2008 segir: "Flestar úttektir á innri eftirlitsaðgerðum eru án frávika. Þar sem um frávik er að ræða höfum við metið áhættuna á verulegum skekkjum eða misfærslum og er það mat okkar að um hvorugt sé að ræða."

Lífeyrissjóður verkfræðinga var stofnaður haustið 1954. Í samanburði við aðra lífeyrissjóði hefur sjóðurinn nokkra sérstöðu.

**Aldurstengt réttindakerfi**
Sjóðurinn hefur notað aldurstengt réttindakerfi frá upphafi og var lengst af eini sjóðurinn sem notaði það. Á síðustu misserum hafa nær allir lífeyrissjóðir tekið það upp.

**Sjóðfélagalýðræði**
Sjóðfélagar kjósa stjórn sjóðsins. Allir sjóðfélagar sem mæta á aðalfund hafa atkvæðisrétt og allir sjóðfélagar eru kjörgengir. Í flestum öðrum sjóðum tilnefna vinnuveitendur helming stjórnarmanna en stéttarfélög kjósa eða tilnefna hinn helminginn.

**Lágir lánavextir**
Frá upphafi hefur sjóðurinn veitt sjóðfélögum hagstæð húsnæðislán. Í rúm 20 ár hefur sjóðurinn veitt sjóðfélögum veðlán með 3,5% raunvöxtum.

**Ákjósanlegur sjóðfélagahópur**
Sjóðfélagahópur sjóðsins er ákjósanlega samsettur, sérstaklega hvað varðar örorkulíkur, og ætti það að skila sér til lengdar í auknum hagnaði sem úthlutað er til sjóðfélaga í formi aukinna réttinda.

**Góð menntun**
Sjóðfélagar eru háskólamenntaðir og vinna að mestu leyti störf sem reyna fremur á huga en hönd, með minni slysahættu og mun minna líkamlegu sliti en almennt gerist. Örorkulíkur eru með því lægsta sem gerist meðal lífeyrissjóða.

**Góð laun**
Sjóðfélagar eru almennt vel launaðir og stunda eftirsóknarverð störf. Hvatinn er því mikill að fara að nýju út á vinnumarkaðinn eftir að þeir hafa orðið fyrir tímabundinni skerðingu á starfsgetu.

# Séreignardeildir

Lífeyrissjóður verkfræðinga býður tvær leiðir í séreignarsparnaði. Önnur fjárfestir eingöngu í innlendum skuldabréfum. Hin fjárfestir bæði í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Báðar leiðirnar hafa verið í stýringu hjá SPRON Verðbréfum og var einungis fjárfest í verðbréfasjóðum SPRON og innlánum, en eftir bankahrunið í október síðastliðinn hafa orðið verulegar breytingar á þessu. Ný iðgjöld renna einungis í innlán og kaup á skuldabréfum opinberra aðila. Ennfremur er í undirbúningi stofnun þriðju leiðarinnar sem eingöngu fjárfestir í skuldabréfum ríkisins og sveitarfélaga og í innlánum.

Í kjölfar bankahrunsins varð veruleg lækkun á gengi beggja séreignarleiðanna, bæði vegna tapaðra bréfa og varúðarafskriftar vegna skuldabréfa banka og sparisjóða, eignarhaldsfélaga og ýmissa annarra hlutafélaga. Fyrir hrunið höfðu séreignarleiðirnar selt alla eign sína í peningamarkaðssjóði SPRON og minnkað stöðuna í skuldabréfasjóðunum og dró þetta úr lækkun gengis leiðanna.

Vegna langvinnrar lokunar tveggja skuldabréfasjóða SPRON var gripið til þess ráðs að afhenda séreignarleiðunum sinn hluta af eignum sjóðanna og var þá unnt að hefja daglegan gengisútreikning á ný og í kjölfarið var unnt að hefja greiðslu lífeyris og flutning réttinda þeirra sem þess óskuðu. Eftir fall SPRON ríkir óvissa um framtíð SPRON Verðbréfa og má af þeim sökum búast við að umsýsla og ávöxtun séreignarleiða verði flutt til annars vörsluaðila eða tekin inn til lífeyrissjóðsins í heild eða að hluta.

**Breytingar á reglum um útgreiðslu séreignarsparnaðar**

Með lagabreytingum sem tóku gildi í ársbyrjun 2009 var heimilað að greiða út séreignarsparnað í einu lagi frá 60 ára aldri í stað 67 ára áður. Ennfremur var heimilað að greiða erfingjum í einu lagi við fráfall, en áður hafði greiðslan í sumum tilvikum dreifst á sjö ár.

Með bráðabirgðaákvæði sem tók gildi 13. mars var heimilað að greiða út eina milljón króna að hámarki með jafnri dreifingu yfir níu mánaða tímabil. Þessi heimild nær þó aðeins til þess séreignarsparnaðar sem stofnað hefur verið til með samningi um reglubundin iðgjöld launþega og launagreiðanda

Í janúar 2006 hóf sjóðurinn að ráðstafa þeim hluta samtryggingariðgjalda sem er umfram 10% í séreignarsparnað sjóðfélaga. Þessi aðgerð var kynnt sjóðfélögum ítarlega í fréttabréfi sjóðsins. Sjóðfélögum var gefinn kostur á því að breyta þeirri stýringu til baka í samtryggingardeild eða í séreignarleið 2. Í janúar 2007 hækkaði mótframlag atvinnurekenda almennt í 8% og þar með hækkaði umframframlagið sem ráðstafað er í séreignarsparnað í 2%. Þann hluta séreignarsparnaðar sem myndast hefur með þessari ráðstöfun umframframlagsins er ekki heimilt að greiða út fyrr en við 60 ára aldur.

# Séreignardeildir

**Sparnaðarleið 1**
Fjárfest er í íslenskum skuldabréfum traustra fyrirtækja, fjármálastofnana, sveitarfélaga eða með ábyrgð ríkissjóðs, einkum verðtryggðum, en hlutfall óverðtryggðra eigna ræðst af vaxtastigi og verðbólguhorfum. Í árslok 2008 var samsetning leiðarinnar þannig að 31% var í stuttum skuldabréfasjóði, 23% í löngum skuldabréfasjóði, 25% í áskriftarsjóði ríkisbréfa og 21% í innlánum.

Nafnávöxtun séreignarleiðar 1 var neikvæð um 10,8% á árinu 2008, og hrein raunávöxtun var neikvæð um 23,3%. Iðgjöld námu 597 mkr., lífeyrisgreiðslur voru 13,8 mkr. og hrein eign til greiðslu lífeyris var 2.259 mkr. í árslok.

**Séreignarleið 2**
Fjárfest er í innlendum og erlendum hluta- og skuldabréfum. Hlutfall hlutabréfa er á bilinu 30%-60% samkvæmt fjárfestingarstefnu. Innlend skuldabréf eru valin með sama hætti og í leið 1. Innlend hlutabréf eru í safni sem leitast við að fylgja Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar. Erlend hluta- og skuldabréf eru í dreifðum eignasöfnum með það að markmiði að draga úr áhættu sem fylgir ákveðnum landssvæðum eða atvinnugreinum. Í árslok 2008 var samsetning sjóðsins þannig að 23% voru í erlendum hlutabréfum, 2% í innlendum hlutabréfum og 75% í innlánum.

Nafnávöxtun séreignarleiðar 2 var neikvæð um 24,3% á árinu 2008 og hrein raunávöxtun var neikvæð um 34,9%. Iðgjöld námu 71 mkr. en ekkert var greitt í lífeyri. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 135 mkr.






# *Breytingar á samþykktum*

Á aðalfundi 2009 leggur stjórn sjóðsins til eftirfarandi breytingar á samþykktum sjóðsins:

**Nýr texti er feitletraður.** Yfirstrikaður texti í hornklofum [ ] fellur burt.

Grein 5.2 (ný grein)
Stjórn sjóðsins skal setja verklagsreglur um áhættustýringu til að draga úr tapsáhættu af fjárfestingum. Reglurnar kveði m.a. á um hámarkseign í verðbréfum einstakra útgefenda eða tengdra aðila, fjárfestingar í flóknum fjármálaafurðum, eiginfjárkröfur til útgefenda og reglubundna greiningu á mögulegri keðjuverkun áfalla. Á aðalfundi skal gera grein fyrir áhættustýringu og mati á áhrifum sveiflna eða eignataps á stöðu sjóðsins.

***Greinargerð****: Í samþykktunum eru sömu fjárfestingarheimildir og gildandi lög og opinberar reglur heimila á hverjum tíma. Að mati stjórnar er þörf á að efla áhættustýringu og setja þrengri skorður en lögin tiltaka um verðbréf einstakra útgefenda og tengdra aðila, svo og um flóknar fjármálaafurðir. Einnig er þörf á að hafa reglur um mat á tengdri áhættu, t.d. tap af öðrum eignum ef verðbréf eins útgefanda tapast eða lækka í verði. Reynslan af bankahruninu á síðasta ári sýnir að þessi áhætta var vanmetin hjá íslenskum lífeyrissjóðum.*

Grein 6.10
TÖFLUR sem gilda fyrir iðgjaldatímabil frá **1. júní 2009** [janúar 2007].
Töflur voru sendar til sjóðfélaga í fundarboði og verður þeim dreift á aðalfundi.

***Greinargerð****: Með lækkun réttindastuðla um 5% er verið að mæta lengingu lífaldurs og fjölgun kvenna í sjóðnum og jafnframt byggja upp varasjóð vegna framtíðarlífeyris til að draga úr líkum á skerðingu í framtíðinni. Núgildandi stuðlar miðast við meðalævilengd frá árunum 1999-2003 og að hlutfall kvenna í sjóðnum sé 20%. Meðalævilengd hefur aukist um tæpt ár frá því að stuðlarnir voru reiknaðir og konur eru þegar orðnar um 20% af sjóðfélögum og hækkar það hlutfall um a.m.k. 1% á ári. Á síðasta ári voru konur 36% af nýjum sjóðfélögum.*

Grein 15.2
Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og [tveimur skoðunarmönnum] **endurskoðunarnefnd, sbr. ákvæði laga nr. 3/2006 um ákvæði laga nr. 3/2006 um endurskoðun. Tveir nefndarmenn skulu valdir** úr hópi sjóðfélaga[~~. Skulu þeir kosnir~~] **með kosningu** á aðalfundi sjóðsins til eins árs í senn **og skulu þeir uppfylla skilyrði laganna um hæfi, þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar. Stjórn sjóðsins skipar þriðja nefndarmanninn og skal hann uppfylla skilyrði laganna um hæfi, staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.**

Grein 15.3
Hvert sinn, er löggiltur endurskoðandi og **endurskoðunarnefnd** [~~skoðunarmenn~~] hafa lokið endurskoðun ársreikninga, skulu þeir færa skýrslu um endurskoðunina í sérstaka bók. Hún skal síðan lögð fyrir stjórn sjóðsins og hver stjórnarmaður undirrita hana til merkis um, að hann hafi kynnt sér efni hennar.

***Greinargerð:*** *Um sl. áramót tók gildi lagaákvæði um að stjórn lífeyrissjóðs skuli skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd. Stjórnin leggur því til þá breytingu á samþykktum að í stað tveggja skoðunarmanna velji aðalfundur tvo nefndarmenn og síðan skipi stjórnin þann þriðja. Lögin kveða jafnframt á um að nefndarmenn uppfylli skilyrði um hæfi, menntun og reynslu til starfa i nefndinni.*

Grein 19.7
Áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega miðað við (gildistökudag samþykktanna sbr. grein 21.1) skulu lækkuð um 10%.

***Greinargerð:*** *Sjóðurinn á aðeins fyrir 67% af áföllnum skuldbindingum. Af hverri lífeyrisgreiðslu koma því 33% úr eignum annarra sjóðfélaga. Sá kostnaður nemur á heilu ári um 120 milljónum króna (m.v. 2008), en með 10% skerðingu yrði hann um 80 milljónir króna. Útlit er fyrir launaskerðingu greiðandi sjóðfélaga á þessu ári og jafnvel nokkurt atvinnuleysi meðal sjóðfélaga. Lífeyrir fylgir hins vegar neysluvísitölu. Hún hækkaði um 16,4% á árinu 2008 en launavísitala hækkaði á sama tíma aðeins um 7,5%. Skerðing um 10% er áþekk og varð á kaupmætti launa árið 2008. Slík skerðing samsvarar 1,2 mánaðarlaunum.*

Grein 21.1
Samþykktir þessar gilda frá **fyrsta mánaðardegi næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins**.

***Greinargerð:*** *Þessi texti er í samræmi við tilmæli fjármálaráðuneytisins.*

# *Stjórn og starfsmenn*

**Stjórn**
Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í kjöri á aðalfundi og einn varamaður en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í kjöri og einn til vara.

Á aðalfundi 2008 voru Birna Pála Kristinsdóttir og Óskar Maríusson endurkjörin í aðalstjórn sjóðsins og Lúðvík Friðriksson var endurkjörinn í varastjórn. Björn Z. Ásgrímsson sagði sig úr stjórn á árinu 2008 vegna starfa sinna fyrir FME og tók Kristján M. Ólafsson varamaður sæti hans í aðalstjórn. Lúðvík Friðriksson lést á árinu 2008.

Á aðalfundi í maí 2009 hafa Sigurður Áss Grétarsson og Kristján M. Ólafsson lokið kjörtímabili sínu í aðalstjórn. Kosnir verða því tveir aðalmenn til þriggja ára, einn varamaður til þriggja ára og einn varamaður til tveggja ára.

Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):
Sigurður Áss Grétarsson, formaður (2009)
Þórir Guðmundsson, varaformaður (2010)
Birna Pála Kristinsdóttir (2011)
Óskar Maríusson (2011)
Kristján M. Ólafsson (2009)

Varamaður:
Hulda Guðmundsdóttir (2010)

Stjórnin kom saman 23 sinnum frá síðasta aðalfundi. Alls voru greiddar 4.024 þúsund krónur í stjórnarlaun á síðasta ári.

**Starfsmenn**
Alls störfuðu sex starfsmenn hjá sjóðnum í fullu starfi á árinu 2009.

Starfsmenn sjóðsins í árslok:
Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri
Erla Jóna Sigurðardóttir, iðgjaldaskráning
Guðmundur V. Friðjónsson, fjármálastjóri
Jón Tryggvi Jóhannsson, lögfræðingur
Óla Helga Sigfinnsdóttir, aðalbókari
Þórhallur S. Barðason, verðbréfaskráning

Alls voru greiddar 45.413 þúsund krónur í laun til starfsmanna á árinu.



Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Frá vinstri: Sigurður, Þórir, Kristján, Birna og Óskar



Starfsmenn Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Efri röð frá vinstri: Þórhallur, Erla, Óla og Jón. Sitjandi frá vinstri: Stefán og Guðmundur.

Ernst & Young

# *Ársreikningur 2008*

**Lífeyrissjóður verkfræðinga**

# *Áritun óháðra endurskoðenda*

**Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verkfræðinga**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs verkfræðinga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og deildarskipt yfirlit.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

**Ábending**
Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 19 með ársreikningnum þar sem greint er frá því að sjóðurinn hafi gert afleiðusamninga við lánastofnanir. Mikil óvissa er um uppgjör samningana en sjóðurinn hefur lagt fram tilboð um að samningarnir verði gerðir upp með ákveðnum hætti og miðast framsetning ársreikningsins við það.

Reykjavík, 24. mars 2009
**Ernst & Young hf.**

Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

# *Áritun skoðunarmanna*

Ársreikning þennan, sem gerður er af Ernst & Young hf. höfum við yfirfarið og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 24. mars 2009

| Sigurður Norðdahl<br>verkfræðingur | Jónas Bjarnason<br>verkfræðingur |
| --- | --- |

# *Áritun og skýrsla stjórnar*

Í lok ársins 2008 áttu 3.718 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum, en 2.938 sjóðfélagar greiddu iðgjöld í sjóðinn á árinu. Alls hófu 250 nýir sjóðfélagar greiðslu iðgjalda á árinu. Að jafnaði greiddu 2.612 sjóðfélagar reglulega mánaðargreiðslur í sjóðinn.

Árið 2008 var eitt versta ár í sögu sjóðsins hvað ávöxtun varðar. Fjárfestingartekjur voru neikvæðar um 5.859 milljónir króna (mkr.). Fall þriggja íslenskra banka í byrjun október og gjaldþrot eða greiðsluerfiðleikar íslenskra fyrirtækja leiddu til beins taps eða varúðarniðurfærslu eigna. Innlendur hlutabréfamarkaður er vart svipur hjá sjón. Ennfremur urðu miklar lækkanir á erlendum eignum í dýpstu kreppu heimshagkerfisins í nærri 80 ár. Gengislækkun krónunnar hækkaði verðgildi erlendra eigna, en leiddi jafnframt til mikillar verðbólgu sem rýrði verðgildi óverðtryggðra eigna og jók á skuldbindingar sjóðsins.

Sjóðurinn var í miklum viðskiptum við Landsbankann, Glitni og Kaupþing og hafði á undanförnum árum fjárfest í hlutabréfum og skuldabréfum sem bankarnir gáfu út. Sjóðurinn hafði einnig gert samninga við bankana um gjaldmiðlavarnir. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf þeirra verðlaus. Mikil óvissa er enn um verðmæti annarra skuldabréfa sem þeir gáfu út. Þá er óvissa um uppgjör gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga. Tap er á flestum samninganna og hefur sjóðurinn gert bönkunum tilboð um uppgjör með ákveðnum hætti í tengslum við uppgjör á kröfum sem hann á hendur bönkunum. Nettóstaða samninga samkvæmt ársreikningi sjóðsins er 681,5 mkr. í skuld.

Krónan veiktist um 55,5% á árinu, mælt í gengisvísitölu (GVT) sem hækkaði um 80,3%. Þetta bætti til muna ávöxtun erlendra eigna i íslenskum krónum talið. Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini skiluðu 9,7% ávöxtun á síðasta ári í krónum. Ávöxtun sérsniðinna fjárfestinga varð 17,8% og erlendra skuldabréfa 77,3%. Tap og varúðarafskriftir vegna falls bankanna og erfiðleika íslenskra fyrirtækja leiddu til mjög neikvæðrar afkomu í þremur eignaflokkum: Ávöxtun hlutabréfatengdra skuldabréfa varð -57,1% í íslenskum krónum, innlend hlutabréf skiluðu –87,1% ávöxtun en innlend skuldabréf um -46,6%. Nafnávöxtun heildarsafns sjóðfélagalána varð 21,2% sem svarar til 3,6% raunávöxtunar.

Sjóðurinn rekur þrjár mismunandi deildir, eina samtryggingardeild og tvær séreignardeildir.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar var -20,2% á árinu 2008 og hrein raunávöxtun –31,4%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er -2,6%. Iðgjöld jukust um 28,2% milli ára en lækkun á hreinni eign sjóðsins varð 14,2%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2008 24.570 mkr. Lífeyrir var greiddur til 234 sjóðfélaga, maka og barna á árinu 2008 að fjárhæð 359 mkr.

Nafnávöxtun séreignardeildar 1 var -10,8% og hrein raunávöxtun var -23,3%. Iðgjöld jukust um rúm 42%, námu 597 mkr., og hrein eign jókst um tæp 16%, var í árslok 2.259 mkr. Lífeyrir var greiddur til 10 rétthafa að fjárhæð 13,8 mkr. Nafnávöxtun séreignardeildar 2 var -24,3% og hrein raunávöxtun -34,9%. Alls námu iðgjöld 70,9 mkr. og hrein eign í árslok 135,4 mkr. Alls greiddu 2.977 iðgjöld til séreignardeildanna á árinu. Vó þar þyngst að sjóðurinn færði iðgjald í samtryggingu umfram 10% til séreignardeildar.

# *Áritun og skýrsla stjórnar*

Fyrir bankahrunið var samsetning eignasafna sjóðsins í góðu samræmi við fjárfestingastefnu, en riðlaðist mjög í kjölfarið vegna verðfalls í sumum eignaflokkum. Í samtryggingardeild voru innlend skuldabréf 51,8% af hreinni eign í lok árs 2008, erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini voru 18,4%, innlend hlutabréf 2,4%, hlutabréfatengd skuldabréf 2,4% og erlend skuldabréf voru 11,5%. Bankainnstæður voru 13,4% og staða gjaldmiðlavarna var neikvæð um 2,2%. Séreignardeild 1 var 100% fjárfest í innlendum skuldabréfum og bankainnstæðum í lok árs, 25% í áskriftarsjóði ríkisskuldabréfa, 23% í löngum skuldabréfasjóði, 31% í stuttum skuldabréfasjóði og 21% í innlánum. Séreignardeild 2 var fjárfest 2,2% í innlendum hlutabréfum, 22,5% í erlendum hlutabréfum og 75,3% í bankainnstæðum í árslok 2007.

Meðalfjöldi starfsmanna hjá sjóðnum á árinu 2008 var 6. Heildarfjárhæð launa var kr. 49.548 þús., þar af námu laun stjórnar kr. 4.024 þús. og framkvæmdastjóra kr. 12.642 þús.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2009

Stjórn

Sigurður Áss Grétarsson
Stjórnarformaður

Þórir Guðmundsson
Varaformaður

Birna Pála Kristinsdóttir

Óskar Maríusson

Kristján M. Ólafsson

Framkvæmdastjóri:

Stefán Halldórsson

# *Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2008*

| | *Skýr.* | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 1.042.207 | 757.053 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 4 | 1.930.104 | 1.523.445 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (36.045) | (33.692) |
| | | 2.936.266 | 2.246.806 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 5 | 372.557 | 274.877 |
| Kostnaður vegna örorkumats | | 60 | 37 |
| | | 372.618 | 274.914 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 6 | (4.787.655) | 80.051 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 7 | (1.376.578) | 1.567.206 |
| | | (6.164.233) | 1.647.257 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 39.653 | 33.107 |
| Fjárvörslu- og eignastýringarkostnaður | 8 | 23.730 | 76.049 |
| | | 63.383 | 109.156 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 54.312 | 45.391 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | (3.718.280) | 3.464.602 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 30.682.911 | 27.218.311 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 26.964.632 | 30.682.913 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# *Efnahagsreikningur*

| | Skýr. | 31.12.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 9 | 7.891.056 | 15.181.812 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 10 | 9.332.792 | 10.019.083 |
| Veðlán | 11 | 6.303.687 | 3.816.195 |
| Bankainnstæður | | 2.996.480 | 1.521.016 |
| **Fjárfestingar** | | 26.524.016 | 30.538.107 |
| Kröfur á launagreiðendur | | 48.946 | 25.951 |
| Aðrar kröfur | | 4.765 | 2 |
| **Kröfur** | | 53.711 | 25.953 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 13 | 6.380 | 7.201 |
| Sjóður og hlaupareikningar | | 384.389 | 125.489 |
| **Aðrar eignir** | | 390.769 | 132.689 |
| **Eignir samtals** | | 26.968.496 | 30.696.749 |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | (3.864) | (13.837) |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | | |
| Hrein eign samtryggingardeildar | | 24.570.446 | 28.633.812 |
| Hrein eign séreignardeildar 1 | 14 | 2.258.760 | 1.949.594 |
| Hrein eign séreignardeildar 2 | 15 | 135.425 | 99.507 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 26.964.632 | 30.682.913 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# *Sjóðstreymi*

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 2.913.271 | 2.365.446 |
| Fjárfestingartekjur | 1.364.200 | 726.601 |
| Afborganir verðbréfa | 1.634.649 | 1.926.185 |
| Seld bréf með föstum tekjum | 2.249.145 | 2.340.588 |
| Seld bréf með breytilegum tekjum | 13.909.213 | 11.723.699 |
| Aðrar inngreiðslur | 0 | 7.672 |
| | 22.070.477 | 19.090.191 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 372.618 | 274.914 |
| Fjárfestingargjöld | 63.383 | 125.341 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 52.770 | 43.729 |
| Aðrar útgreiðslur | 14.735 | 0 |
| | 503.506 | 443.985 |
| **Ráðstöfunarfé til fjárfestinga** | 21.566.971 | 18.646.206 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 11.097.841 | 13.911.265 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 6.337.863 | 3.692.499 |
| Ný veðlán | 2.396.180 | 0 |
| Hækkun bankainnstæðna | 1.475.464 | 997.074 |
| Aðrar fjárfestingar | 721 | 1.166 |
| | 21.308.070 | 18.602.004 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 258.901 | 44.203 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 125.489 | 81.286 |
| Handbært fé í árslok | 384.390 | 125.489 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# *Skýringar*

**Reikningsskilaaðferðir**

1. Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, sem settar eru af Fjármálaeftirliti. Hann hefur að geyma sameinaðan ársreikning fyrir samtryggingardeild og séreignardeildir Lífeyrissjóðs verkfræðinga og sérgreinda ársreikninga eftir deildum.

2. Afskriftir eru reiknaðar sem árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði. Nánar er getið um afskriftir í skýringu nr. 13.

3. Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum (hlutabréf og hlutdeildarskírteini), verðbréf með föstum tekjum (skuldabréf) og veðlán. Verðbréf með breytilegum og föstum tekjum skiptast einnig eftir gjaldmiðlum. Verðbréf með breytilegum tekjum eru færð til eignar á markaðsgengi í árslok. Verðbréf með föstum tekjum og veðlán eru færð til eignar á framreiknuðu kaupverði. Erlend verðbréf eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í árslok.

**Iðgjöld**

4. Ekki er áætlað fyrir óinnheimtum iðgjöldum í árslok. Inneign launagreiðenda í árslok er nettuð á móti iðgjöldum ársins.

**Lífeyrir**

5. Lífeyrisgreiðslur sundurliðast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 281.043 | 207.526 |
| Örorkulífeyrir | 24.944 | 19.438 |
| Makalífeyrir | 47.546 | 33.273 |
| Barnalífeyrir | 5.265 | 5.313 |
| | 358.798 | 265.549 |
| Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild | 13.760 | 5.435 |
| | 372.557 | 270.984 |

**Fjárfestingartekjur**

6. Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Gengismunur innlendra hlutabréfa | (4.441.984) | 48.131 |
| Gengismunur erlendra hlutabréfa | 613.868 | (180.499) |
| Arður hlutabréfa | 94.731 | 76.882 |
| Tekjur / (gjöld) vegna afleiðusamninga | (1.054.270) | 135.537 |
| | (4.787.655) | 80.051 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

7. Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur sundurliðast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Af sjóðfélagalánum | 852.296 | 351.042 |
| Af innlendum skuldabréfum | 1.735.353 | 854.172 |
| Af erlendum skuldabréfum | 1.580.007 | 210.020 |
| Af bankainnstæðum | 923.788 | 138.468 |
| Dráttarvextir | 69.997 | 9.033 |
| Lántökugjald | 3.988 | 4.471 |
| Afskrifuð víkjandi skuldabréf á bankana | (240.599) | 4.472 |
| Varúðarafskrift skuldabréfa | (6.301.408) | 0 |
| | (1.376.578) | 1.567.206 |

Sjóðurinn færði niður virði innlendra skuldabréfa um 6.301 mkr. vegna óvissu um innheimtu þeirra. Víkjandi skuldabréf á bankana námu 240,1 mkr. og voru afskrifuð að fullu.

**Fjárfestingagjöld**

8. Meðal fjárfestingargjalda er færður kostnaður innlendra fjárvörsluaðila við eignastýringu. Þessi kostnaður nam kr. 23 milljónum á árinu 2008 en var til samanburðar 76 milljónir á árinu 2007.

**Fjárfestingar**

9. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| **Innlend hlutabréf:** | **Nafnverð** | **Eignarhlut- deild** | | **Bókfært verð** |
|---|---|---|---|---|
| Hlutabréfasjóður Kaupþings IS-15 | 436.526 | 21,7% | kr. | 481.925 |
| Marel hf | 570 | Óverulegt | " | 44.315 |
| Virðing hf | 16.765 | 6,0% | " | 29.338 |
| Alfesca hf | 4.680 | Óverulegt | " | 19.656 |
| Bakkavör hf | 2.622 | " | " | 6.607 |
| Reiknistofa lífeyrissjóða | 3.183 | " | " | 6.365 |
| Hlutabréfasjóður Kaupþings IS-5 | 1.754 | 11,7% | " | 5.789 |
| Exista hf | 3.599 | Óverulegt | " | 144 |
| Eignarhaldsfél. lsj. um verðbréfaþing | 86 | " | " | 86 |
| | | | kr. | 594.225 |

Hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru metin á markaðsverðmæti í árslok 2008.

| **Erlend hlutabréf:** | | | **Bókfært verð** |
|---|---|---|---|
| Hlutabréfasafn hjá Morgan Stanley, Growth | Skráð | kr. | 1.198.691 |
| Decode Genetics | " | " | 1.338 |
| Staða gjaldmiðlasamninga | " | " | (681.491) |
| | | | 518.539 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

| **Innlend hlutdeildarskírteini:** | | **Bókfært verð** |
|---|---|---|
| Séreignarleið 1 í vörslu SPRON verðbréfa | kr. | 2.228.232 |
| Séreignarleið 2 í vörslu SPRON verðbréfa | " | 132.221 |
| Veðskuldabréfasjóður | " | 398.519 |
| Skuldabréfasjóðir Íslenskra verðbréfa | " | 11.363 |
| | | 2.770.335 |

| **Erlend hlutdeildarskírteini:** | | **Bókfært verð** |
|---|---|---|
| Erlend sjóðasöfn í vörslu Kaupþings (15 sjóðir) | kr. | 2.030.188 |
| Sparinvest Global Value | " | 386.088 |
| Vogunarsjóðir | " | 381.111 |
| Millilagssjóðir | " | 581.885 |
| Framtakssjóðir | | 628.686 |
| | | 4.007.957 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum alls | kr. | 7.891.056 |

10. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | | **Bókfært verð** |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf fyrirtækja | kr. | 3.014.281 |
| Erlend skuldabréf | " | 2.493.888 |
| Skuldabréf lánastofnana | " | 1.447.235 |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | " | 902.634 |
| Ríkisbréf | " | 524.256 |
| Innlend skuldabréf tengd erlendri hlutabréfaávöxtun | " | 497.345 |
| Íbúðabréf | " | 255.188 |
| Erlend skuldabréf tengd erlendri verðbréfaávöxtun | " | 95.143 |
| Húsnæðisstofnun | " | 88.593 |
| Skuldabréf einstaklinga | " | 14.230 |
| Verðbréf með föstum tekjum alls | kr. | 9.332.792 |

11. Veðlán greinast þannig:

| | | **Bókfært verð** |
|---|---|---|
| Lán til sjóðfélaga | kr. | 6.303.687 |

12. Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | | **Í íslenskum krónum** | **Í erlendum gjaldmiðlum** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | kr. | 2.959.480 | 4.931.576 | 7.891.056 |
| Verðbréf með föstum tekjum | " | 6.453.422 | 2.879.370 | 9.332.792 |
| Veðlán | " | 6.303.687 | 0 | 6.303.687 |
| Bankainnstæður | " | 2.953.502 | 42.978 | 2.996.480 |
| | | 18.670.092 | 7.853.924 | 26.524.016 |

# *Skýringar*

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

| | | Rekstrar-fjármunir |
|---|---|---|
| Stofnverð 1. janúar 2008 | kr. | 26.368 |
| Viðbót á árinu | " | 721 |
| Stofnverð 31.12 | " | 27.089 |
| Afskrifað 1. janúar 2008 | " | 19.167 |
| Afskrifað á árinu | " | 1.542 |
| Afskrifað samtals | " | 20.709 |
| Bókfært verð 31.12 2008 | " | 6.380 |

**Séreignardeildir**

**Séreignardeild 1**

14. Breyting á hreinni eign séreignardeildar sundurliðast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 596.784 | 419.063 |
| Lífeyrisgreiðslur | (13.760) | (9.329) |
| Fjárfestingartekjur | (271.987) | 141.092 |
| Rekstrarkostnaður | (1.871) | (1.588) |
| Hækkun séreignardeildar | 309.167 | 549.238 |
| Inneign frá fyrra ári | 1.949.594 | 1.400.355 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok | 2.258.760 | 1.949.594 |

**Séreignardeild 2**

15. Breyting á hreinni eign séreignardeildar sundurliðast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 70.881 | 58.596 |
| Lífeyrisgreiðslur | 0 | 0 |
| Fjárfestingartekjur | (34.866) | 3.352 |
| Rekstrarkostnaður | (97) | (62) |
| Hækkun séreignardeildar | 35.918 | 61.887 |
| Inneign frá fyrra ári | 99.507 | 37.620 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok | 135.425 | 99.507 |

**Þóknun endurskoðanda**

16. Þóknanir endurskoðanda greinast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Endurskoðun | 1.073 | 941 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 1.752 | 366 |
| Samtals þóknun til endurskoðanda | 2.825 | 1.307 |

**Fjöldi starfsmanna og starfsmannakostnaður**

17. Á árinu 2008 störfuðu 6 starfsmenn í fullu starfi hjá sjóðnum. Heildarfjárhæð launa starfsmanna var kr. 45.413 þúsund og launatengd gjöld voru kr. 7.120 þúsund.

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

18. Laun stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga og framkvæmdastjóra greinast þannig:

| | 2008 |
|---|---|
| Sigurður Áss Grétarsson, formaður | 1.216 |
| Þórir Guðmundsson, varaformaður | 801 |
| Birna Pála Kristinsdóttir | 601 |
| Óskar Maríusson | 558 |
| Kristján M. Ólafsson | 405 |
| Björn Z. Ásgrímsson | 350 |
| Varamenn | 93 |
| Stefán A. Halldórsson, framkvæmdastjóri | 12.642 |
| Samtals: | 16.666 |

**Gjaldeyrissamningar**

19. Sjóðurinn gerði afleiðusamninga við Landsbanka Íslands hf., Glitni banka hf. og Kaupþing banka hf. Við fall bankanna brustu forsendur þessara samninga. Á þeim tíma var nettóskuld sjóðsins við bankanna 681,5 mkr. Sjóðurinn hefur boðist til að gera þessa samninga upp með tilteknum hætti í tengslum við uppgjör á kröfum sem hann á á hendur bankanna, þrátt fyrir að sjóðnum beri ekki lagaleg skylda til þess.

**Tryggingafræðileg úttekt samtryggingardeildar**

20. Niðurstöður:

| | Áfallnar skuld- bindingar | Framtíðar- skuldbindingar | Heildar- skuldbindingar |
|---|---|---|---|
| Eignir | 24.570,5 | | 24.570,5 |
| Endurmat | (1.001,7) | | (1.001,7) |
| Fjárfestingarkostnaður | 949,5 | | 949,5 |
| Iðgjöld | | 36.899,3 | 36.899,3 |
| Samtals eign | 24.518,3 | 36.899,3 | 61.417,6 |
| | | | |
| Ellilífeyrir | 28.855,3 | 29.391,3 | 58.246,6 |
| Örorkulífeyrir | 1.453,6 | 2.526,6 | 3.980,2 |
| Makalífeyrir | 6.561,9 | 3.003,3 | 9.565,2 |
| Barnalífeyrir | 221,3 | 420,6 | 641,9 |
| Rekstrarkostnaður | 465,8 | 884,5 | 1.350,3 |
| Samtals skuldbindingar | 37.557,9 | 36.226,3 | 73.784,2 |
| | | | |
| Eignir - skuldbindingar | (13.039,6) | 673,0 | (12.366,6) |
| | | | |
| % af skuldbindingum | -34,7% | 1,9% | -16,8% |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

*Deildaskiptur*
*ársreikningur 2008*

**Lífeyrissjóður verkfræðinga**

# *Deildaskipt yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2008*

| | Samtryggingar-deild | Séreignar-deild 1 | Séreignar-deild 2 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | 910.217 | 116.324 | 15.666 | 1.042.207 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 1.354.826 | 514.156 | 61.122 | 1.930.104 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 3.558 | (33.696) | (5.907) | (36.045) |
| | 2.268.601 | 596.784 | 70.881 | 2.936.266 |
| **Lífeyrir** | | | | |
| Lífeyrir | 358.798 | 13.760 | 0 | 372.557 |
| Kostnaður vegna örorkumats | 60 | 0 | 0 | 60 |
| | 358.858 | 13.760 | 0 | 372.618 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | (4.469.904) | (282.221) | (35.530) | (4.787.655) |
| Vaxtatekjur og gengismunur | (1.389.444) | 12.105 | 761 | (1.376.578) |
| | (5.859.348) | (270.116) | (34.769) | (6.164.233) |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 39.653 | 0 | 0 | 39.653 |
| Fjárvörslu- og eignastýringarkostnaður | 21.762 | 1.871 | 97 | 23.730 |
| | 61.415 | 1.871 | 97 | 63.383 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 52.344 | 1.871 | 97 | 54.312 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | (4.063.365) | 309.167 | 35.918 | (3.718.280) |
| Hrein eign frá fyrra ári | 28.633.811 | 1.949.594 | 99.507 | 30.682.911 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | 24.570.446 | 2.258.760 | 135.425 | 26.964.632 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# *Deildaskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2008*

| | Samtryggingar- deild | Séreignar- deild 1 | Séreignar- deild 2 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum.................... | 5.530.603 | 2.228.232 | 132.221 | 7.891.056 |
| Verðbréf með föstum tekjum............................ | 9.332.792 | (0) | 0 | 9.332.792 |
| Veðlán.............................................................. | 6.303.687 | 0 | 0 | 6.303.687 |
| Bankainnstæður............................................... | 2.996.480 | 0 | 0 | 2.996.480 |
| **Fjárfestingar** | 24.163.563 | 2.228.232 | 132.221 | 26.524.016 |
| **Kröfur** | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur................................ | 40.280 | 7.757 | 909 | 48.946 |
| Aðrar kröfur..................................................... | 4.765 | 0 | 0 | 4.765 |
| **Kröfur** | 45.045 | 7.757 | 909 | 53.711 |
| **Aðrar eignir** | | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar eignir..................... | 6.380 | 0 | 0 | 6.380 |
| Sjóður og hlaupareikningar............................. | 384.385 | 4 | 1 | 384.389 |
| **Aðrar eignir** | 390.765 | 4 | 1 | 390.769 |
| **Eignir samtals** | 24.599.372 | 2.235.993 | 133.131 | 26.968.496 |
| **Skuldir** | | | | |
| Viðskiptaskuldir.............................................. | (28.926) | 22.767 | 2.295 | (3.864) |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris................** | 24.570.446 | 2.258.760 | 135.425 | 26.964.632 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# *Deildaskipt sjóðstreymi á árinu 2008*

| | Samtryggingar-deild | Séreignar-deild 1 | Séreignar-deild 2 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | | |
| Iðgjöld | 2.249.215 | 593.550 | 70.506 | 2.913.271 |
| Fjárfestingartekjur | 1.351.334 | 12.105 | 761 | 1.364.200 |
| Afborganir verðbréfa | 1.634.649 | 0 | 0 | 1.634.649 |
| Seld bréf með föstum tekjum | 2.249.145 | 0 | 0 | 2.249.145 |
| Seld bréf með breytilegum tekjum | 13.903.245 | 5.331 | 637 | 13.909.213 |
| Aðrar inngreiðslur | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 21.387.587 | 610.986 | 71.904 | 22.070.477 |
| **Útgreiðslur** | | | | |
| Lífeyrir | 358.913 | 13.705 | 0 | 372.618 |
| Fjárfestingargjöld | 61.415 | 1.871 | 97 | 63.383 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 50.802 | 1.871 | 97 | 52.770 |
| Aðrar útgreiðslur | 7.164 | 6.807 | 764 | 14.735 |
| | 478.295 | 24.253 | 958 | 503.506 |
| **Ráðstöfunarfé til fjárfestinga** | 20.909.292 | 586.732 | 70.946 | 21.566.971 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytil. tekjum | 10.440.129 | 586.767 | 70.946 | 11.097.841 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 6.337.863 | 0 | 0 | 6.337.863 |
| Ný veðlán | 2.396.180 | 0 | 0 | 2.396.180 |
| Hækkun bankainnstæðna | 1.475.464 | 0 | 0 | 1.475.464 |
| Aðrar fjárfestingar | 721 | 0 | 0 | 721 |
| | 20.650.358 | 586.767 | 70.946 | 21.308.070 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 258.935 | (34) | 1 | 258.901 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 125.451 | 38 | 0 | 125.489 |
| **Handbært fé í árslok** | 384.386 | 4 | 1 | 384.390 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

*Kennitölur deilda*

**Lífeyrissjóður verkfræðinga**

# *Kennitölur samtryggingardeildar*

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Hrein nafnávöxtun............................................ | -20,2% | 5,1% | 17,2% | 15,2% | 10,4% |
| Raunávöxtun m.v. vísitölu neysluverðs............ | -31,3% | -0,6% | 9,8% | 10,8% | 6,5% |
| Hrein raunávöxtun............................................. | -31,4% | -0,7% | 9,6% | 10,6% | 6,3% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal).................. | -2,6% | 7,0% | 4,8% | 1,8% | -1,9% |
| | | | | | |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga............................ | 2.612 | 2.406 | 2.269 | 2.176 | 2.082 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega.................................... | 212 | 194 | 181 | 176 | 160 |
| Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum..................... | 15,8% | 15,0% | 13,3% | 14,9% | 14,2% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum...................... | 0,21% | 0,15% | 0,17% | 0,20% | 0,19% |
| Stöðugildi á árinu............................................. | 6,0 | 6,0 | 6,0 | 5,5 | 4,3 |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir.......................................................... | 78,3% | 78,1% | 75,2% | 72,6% | 77,6% |
| Örorkulífeyrir.................................................... | 7,0% | 7,3% | 10,8% | 12,1% | 7,0% |
| Makalífeyrir....................................................... | 13,2% | 12,5% | 11,8% | 12,0% | 13,1% |
| Barnalífeyrir...................................................... | 1,5% | 2,0% | 2,3% | 3,3% | 2,3% |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting eigna** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum........... | 17,1% | 47,6% | 47,4% | 40,0% | 36,4% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum................... | 38,2% | 27,7% | 33,9% | 36,9% | 37,7% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum.......... | 5,8% | 2,1% | 0,4% | 0,5% | 0,1% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum................. | 0,4% | 5,1% | 2,1% | 2,6% | 1,2% |
| Veðlán............................................................... | 26,1% | 12,5% | 14,3% | 18,2% | 23,0% |
| Annað................................................................ | 12,4% | 5,0% | 1,9% | 1,8% | 1,7% |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting eigna eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum................................ | 70,4% | 74,2% | 71,2% | 78,2% | 75,5% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum......................... | 29,6% | 25,8% | 28,8% | 21,8% | 24,5% |
| | | | | | |
| **Tryggingafræðileg staða** | | | | | |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar....... | -34,7% | -3,7% | 5,6% | -3,8% | -16,8% |
| Hrein eign umfram framtíðarskuldbindingar..... | 1,9% | 1,9% | 1,8% | 6,1% | 5,5% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar......... | -16,8% | -0,9% | 3,7% | 1,1% | -6,0% |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# *Kennitölur séreignardeildar 1*

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Hrein nafnávöxtun........................................... | -10,8% | 8,9% | 8,5% | 8,7% | 11,4% |
| Raunávöxtun m.v. vísitölu neysluverðs............ | -23,3% | 2,8% | 1,5% | 4,6% | 7,5% |
| Hrein raunávöxtun.......................................... | -23,3% | 2,8% | 1,5% | 4,4% | 7,0% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal).................. | -2,2% | 4,7% | 5,2% | 5,4% | 4,1% |
| | | | | | |
| Fjöldi greiðenda............................................... | 2.684 | 2.314 | 1.795 | 575 | 750 |
| Fjöldi lífeyrisþega........................................... | 10 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum.................... | 2,3% | 2,2% | 1,9% | 1,9% | 0,1% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum..................... | 0,08% | 0,08% | 0,07% | 0,07% | 0,25% |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir........................................................ | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting eigna** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum........... | 79,0% | 98,4% | 99,2% | 25,0% | 31,9% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum.................. | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 74,0% | 66,2% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum......... | 0,0% | 1,6% | 0,8% | 0,0% | 0,0% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum................ | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,1% | 1,5% |
| Annað.............................................................. | 21,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,4% |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting eigna eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum............................... | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# *Kennitölur séreignardeildar 2*

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Hrein nafnávöxtun | -24,3% | 8,3% | 13,3% | - | - |
| Raunávöxtun m.v. vísitölu neysluverðs | -34,9% | 2,3% | 6,2% | - | - |
| Hrein raunávöxtun | -34,9% | 2,3% | 6,2% | - | - |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | - | - | - | - | - |
| | | | | | |
| Fjöldi greiðenda | 293 | 270 | 185 | - | - |
| Fjöldi lífeyrisþega | 0 | 0 | 0 | - | - |
| Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum | - | - | - | - | - |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,07% | 0,06% | 0,07% | - | - |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | - | - | - | - | - |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting eigna** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 97,8% | 95,1% | 96,8% | - | - |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 0,0% | 0,0% | 0,0% | - | - |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 0,0% | 4,9% | 3,2% | - | - |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 0,0% | 0,0% | 0,0% | - | - |
| Annað | 2,2% | 0,0% | 0,0% | - | - |
| | | | | | |
| **Hlutfallsleg skipting eigna eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 77,5% | 73,3% | 72,1% | - | - |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 22,5% | 26,7% | 27,9% | - | - |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*